

# NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA - GRÓÐURKORTAGERÐ

Gróðurkortagerð hófst á Íslandi árið 1955. Búið er að gróðurkortleggja um 70% af landinu og er um þriðjungur kortlagða svæðisins til á stafrænu formi. Síðla árs 2007 hófst samstarf milli Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða um að auka gróðurkortagerð á Vestfjörðum. Starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða í gróðurkortlagningu eru: Hafdís Sturlaugsdóttir, landnýtingarfræðingur M.Sc. með starfsstöð á Hólmavík, Katharina Sommermeier M.Sc, landfræðingur, með starfsstöð á Patreksfirði og Cristian Gallo M.Sc, vistfræðingur, sem starfar í Bolungarvík.

## Gróðurkortagerð á Vestfjörðum

Árin 1979 og 1980 var upphaf gróðurkortagerðar á Vestfjörðum en þá voru Reykhólasveit og svæði við Steingrímsfjörð kortlögð. Einnig eru nú til gróðurkortlagningar af hluta Ísafjarðardjúps og Hornstranda.


Á Vestfjörðum hafa starfsmenn Náttúrustofunnar teiknað stafrænt gróðurkort af Skálavík og hluta Steingrímsfjarðar. Sumarið 2009 var farin vettvangsferð um Vestfirði og skoðaður gróður og gróðurgreiningar yfirfarnar, meðal annars voru skoðaðar greiningar á birkikjarri á Barðaströnd (mynd 3).



Mynd 3. Birkikjarr í botni Mjóafjarðar á Barðaströnd.

## Af hverju gróðurkortagerð?

Gróðurkort hafa undanfarnir 10 ár verið notuð við hvers kyns náttúru- og skipulagsvinnu. Má þar m.a. nefna ákvarðanir um landnýtingu, skipulagsgerð, mat á umhverfisáhrifum virkjana og vegagerðar ásamt margvíslegum öðrum verklegum framkvæmdum. Gróðurkortin sýna hversu mikið land er gróið, hvar og hvers konar gróður er að finna og hversu þétt þekjan er. Enn fremur sýna gróðurkortin hvers eðlis hið ógróna land (bersvæði) er. Út frá gróðurkortunum má einnig lesa margvíslegar óbeinar upplýsingar um náttúru- og landsins, eins og t.d. jarðvegsgerð, rakastig, beitarþol og hve mikið álag gróðurinn þolir.




Mynd 2. Gróðurkort af nágrenni Heiðarbæjar við Steingrímsfjörð. Lofthmynd (til hægri) og innrauð mynd (til vinstri).

## Hvernig fer gróðurkortagerð fram?

Gróðurkortagerð felur í sér skrásetningu gróðurs á vettvangi eftir ríkjandi og einkennandi tegundum plantna. Við það verk eru notaðar loftmyndir eða myndkort sem mörk gróðurfélaga og landgerða eru teiknuð inn á og merkt eftir gróðurlykli Steindórs Steindórssonar. Gróður er flokkaður í gróðurfélög og bersvæði. Gróðurfélög eru t.d. mosagróður, lyngmói, graslendi, mýri og flói. Hvert gróðurfélag er síðan flokkað niður eftir einkennistegundum. A4 er t.d. mosi með smárunnum (mynd 1) en mýri fær svo annan bókstaf t.d. er U4 mýrastör/stinnastör með klóffu. Þegar gróðurþekja er skert er x (75% þekja), z (50%) eða þ (25%) bætt aftan við skráninguna á gróðurflokkuninni. G2z er því stinnastör með smárunnum með um 50% þekju. Bersvæði er skráð t.d. sem melar (me), þurrar áreyrar (ey), fjöru (fj) og útfiri (ut) (mynd2).

Gögnunum sem safnað er á vettvangi er síðan komið á stafrænt form. Það er gert þegar gróðurkort er teiknað eftir gögnunum í tölvu og notað t.d. teikniforritið Microstation. Hjálpargögn við tölvuvinnsluna eru stafrænar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. en einnig eru notaðar innrauðar gervitunglamyndir frá Landmælingum Íslands. Á innrauðu myndunum kemur endurkast frá blaðgrænu fram sem rauður litur og því auðvelt að greina hvar gróður er (mynd 2).



Mynd 1. Cristian og Katharina teikna gróðurlendi á Rauðasandi. Í forgrunni er mosi með smárunnum, A4.